



# ÁRSSKÝRSLA 2024

BORÐTENNISSAMBAND  
ÍSLANDS

**Stjórn BTÍ**

13. maí 2023 - 4. maí 2024

**Formaður:** Auður Tinna Aðalbjarnardóttir

**Varaformaður:** Ingimar Ingimarsson

**Gjaldkeri:** Már Wolfgang Mixa

**Ritari:** Sigurjón Ólafsson

**Meðstjórnandi:** Guðrún Gestsdóttir

**Varamenn**

Pétur Stephensen

Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson

Jón Gunnarsson

# Efnisyfirlit

<b>Efnisyfirlit.....</b>	<b>3</b>
Þingfulltrúar á ársþingi 2024.....	4
Dagskrá þingsins.....	5
Inngangur formanns.....	6
Ársþing BTÍ 2023.....	7
Landsliðsverkefni apríl 2023 - apríl 2024.....	8
Mót innanlands apríl 2023 - apríl 2024.....	14
Deildakeppni.....	23
Deildakeppni 2023-2024.....	25
Útbreiðsluverkefni.....	32
Önnur verkefni.....	37
Borðtennisfólk ársins.....	41
Umferð um vef Borðtennissambands Íslands.....	42

## Pingfulltrúar á ársþingi 2024

Alls eiga 37 fulltrúar frá 13 félögum rétt til setu á þinginu

Félag	Fjöldi	Pingfulltrúar
Akur	8	2
BH	79	4
BM	5	2
BR	30	3
Dímon	107	4
Garpur	43	3
HK	44	3
ÍFR	3	2
KR	142	5
Umf. Selfoss	25	2
Ungmf. Samherjar	8	2
Víkingur	72	3
Örninn	4	2
<b>Samtals</b>	<b>570</b>	<b>37</b>



# Dagskrá þingsins

Samkvæmt 8 gr. laga BTÍ eru störf borðtennisþings þessi.

1. Þingsetning.
2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
3. Staðfesta lögmæti fundarins.
4. Kosning kjörbréfanefndar.
5. Fara yfir fundargerð síðasta þings.
6. Afhending viðurkenninga.
7. Ávörp gesta.
8. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu.
9. Reikningar sambandsins lagðir fram (með álit skoðunarmanna).
10. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga sambandsins.
11. Reikningar bornir undir atkvæði.
12. Fjárhagsáætlun.
13. Lagabreytingar.
14. Umræður og afgreiðsla á tillögum sem þinginu hafa borist.
15. Kosning stjórnar og varamanna.
16. Kosning skoðunarmanna reikninga.
17. Val fulltrúa á íþróttþing.
18. Önnur mál.
19. Ræða formanns.
20. Þingslit.

# Inngangur formanns

Borðtennisárið 2023-2024 hefur verið ánægjulegt og tími ýmiskonar uppskeru.

Þrjár nefndir Borðtennissambandsins störfuðu á tímabilinu – landsliðsnefnd, mótanefnd og útbreiðslunefnd, þar sem Ingimar Ingimarsson, Guðrún Gestsdóttir og Sigurgeir Ingi Þorkelsson Eyvinds gegndu formennsku.

Landsliðsverkefni voru ýmis. A-landsliðið tók vorið 2023 þátt í Mega Cup í Osló og á Smáþjóðaleikunum á Möltu þar sem Nevena Tasic náði að komast í 8-manna úrslit. Haustið 2023 fór hluti landsliðshópsins í æfingabúðir og -mót í Strassborg í Frakklandi og á Finlandia Open í Helsinki. Gott var að fá Peter Nilsson landsliðsþjálfara aftur til starfa eftir nokkurra mánaða leyfi, en hann hélt 5 æfingahelgar á Íslandi á keppnisárinu. Þá styrkti sambandið leikmenn til þátttöku í ýmsum alþjóðlegum verkefnum, svo sem þátttöku BH og KR í Evrópukeppni félagsliða og einstakra leikmanna í æfingadvöl erlendis.

Undir lok fimm ára starfstíma Tómasar Inga Shelton sem unglingslandsliðsþjálfara keppti unglingslandsliðið á EM U13 í Króatíu og á EM unglinga í Póllandi. Í ágúst 2023 tók Ítalinn Mattia Luigi Contu við stöðu unglingslandsliðsþjálfara og hefur hann verið frábær viðbót við íslenska borðtennisheiminn. Hluti unglingslandsliðsins keppti á Riga City Council Cup haustið 2023, með fínun árangri og er stefnt á keppni í Belgíu og Svíþjóð í sumar. Ýmsir erlendir keppendur sóttu landið heim, m.a. unglingslandslið Færeyja í mars 2024 og átta danskir leikmenn vegna BH Open.

Mótanefnd BTÍ, sem auk Guðrúnar formanns inniheldur Tómas Inga og Sigurjón Ólafsson, á mikið hrós skilið fyrir utanumhald, umbætur og eftirfylgni á regluverki og góð samskipti á árinu. Nefndin tók það stóra verk að sér að BTÍ sæi á ný um yfirumsjón allra Íslandsmóta í stað félaganna, til að tryggja samræmi og gæði. Tókst það með ágætum og eiga samstarfsfélögin, keppendur og aðstandendur jafnframt miklar þakkar skildar fyrir vel heppnaða viðburði.

2023-2024 var annars mögulega besta útbreiðsluár BTÍ. Fyrir utan að svara kalli um að halda viðburði í Stykkishólmi, á Blönduósi og í fjórum grunnskólum tókst að hefja ýmis samskipti um að mæta á staðinn og aðstoða við að vikulegar æfingar hæfust í Mosfellsbæ (BM), á Laugarvatni (UMF Laugdæla), í Árnesi (UMF Gnúpverja og UMF Skeiðamanna), á Sauðárkróki (í samstarfi við badmintondeild Tindastóls), á Reyðarfirði (UMF Valur), í Breiðholti (Leiknir) og á Djúpavogi (UMF Neisti). Lögð var áhersla á að styðja við ung félög með heimsóknum og fjölmennu þjálfaranámskeiði í vor. Hægt væri að skrifa langan þakkarlista til allra borðtennisþjálfara landsins fyrir sitt óeigingjarna og mikilvæga starf en við þetta tækifæri er sérstök ástæða til að þakka Rubén Illera López frá UMF Selfossi sem hefur í vetur ekið vikulega til og þjálfað í öllum sex borðtennisfélögum á Suðurlandi. Ótrúlegur dugnaður!

Með útbreiðslu og fagmannlegt útlit að markmiði hélt stjórn áfram aukinni virkni BTÍ á samfélagsmiðlum, auk þess sem áhersla var lögð á góða myndatöku og myndbirtingar frá keppni, sem og samskipti við fjölmiðla. Grafísk hönnun kom til sögunnar í kynningarefni félaga og Íslandsmóta.

Valdimar Leó Friðriksson hélt áfram sem framkvæmdastjóri BTÍ en lýkur störfum að þingi loknu. Afar gott var að njóta aðstoðar hans undanfarin tvö og hálf ár og nýtur hreyfingin áfram góðs af samstarfi sem hann kom af stað, svo sem á landsmótum UMFÍ (sem BTÍ studdi við annað árið í röð í Stykkishólmi og á Sauðárkróki sumarið 2023) og í flottri nýrri deild hjá BM í Mosfellsbæ. Leitt er að tekjur standi ekki undir starfsmanni í hlutastarfi að svo stöddu en gott var fyrir sambandið að reyna fyrirkomulagið.

Ég vil nýta tækifærið og þakka Ingimar Ingimarssyni sem fráfarandi stjórnarmeðlimi kærlega fyrir allt sem hann hefur gert, þ.á m. að hafa komið aftur til stjórnarstarfa nú í tvö ár til að miðla þekkingu og auðvelda okkur hinum starfið. Að lokum vil ég líkt og áður þakka öllum þeim sem leggja hönd á plóg við að efla borðtennissamfélagið okkar. Áfram borðtennis!

Reykjavík, 2. maí 2024

Kær kveðja, formaður BTÍ, Auður Tinna Aðalbjarnardóttir

## Árþing BTÍ 2023



Árþing BTÍ fór fram í húsnæði ÍSÍ í Laugardal laugardaginn 13. maí. Alls höfðu 37 þingfulltrúar rétt til setu á þinginu sem fulltrúar 12 félaga, en af þeim mættu 18 til leiks.

Þær þrjár tillögur til breytinga á keppnisreglum, sem voru bornar fram (sjá frétt á vef frá 28. apríl) voru allar samþykktar.

Þau Anna Sigurbjörnsdóttir og Kári Mímisson gengu úr stjórn en í þeirra stað voru kjörin Guðrún Gestsdóttir og Már Wolfgang Mixa. Hinir stjórnarmennirnir þrír voru kjörnir ári fyrir til tveggja ára, þau Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, formaður, Ingimar Ingimarsson og Sigurjón Ólafsson.

[Í frétt frá 12. maí er slóð á ársskýrslu, ársreikninga og fjárhagsáætlun stjórnarinnar.](#)

Á mynd á forsíðu má sjá stjórnina með Valdimar Leó Friðrikssyni starfsmanni BTÍ. Þau Guðrún og Már voru fjarverandi en voru á síammynd.



## Landsliðsverkefni apríl 2023 - apríl 2024

Hér má finna helstu viðburði í landsliðsverkefnum borðtennisfólks síðastliðna 12 mánuði. Ekki er um tæmandi yfirlit og finna má nánari upplýsingar um hvern [viðburð á bordtennis.is](https://www.bt1.is/viðburð-á-bordtennis.is).



### Apríl 2023

#### Unglingalandslið á móti í Osló

Unglingalandsliðið lék á móti í Osló í Noregi helgina 14.-16. apríl. Mótið var haldið af Fokus bordtennisclub. Þetta er svipað mót og unglingarnir léku á um þetta leyti ári fyrr.

Átján leikmenn úr íslenska unglingalandsliðshópnum léku á mótinu og nokkrir leikmannanna komust á verðlaunapall. Helstu úrslit hjá íslensku leikmönnum [má finna á vef BTÍ](https://www.bt1.is).

### Maí 2023

#### Ingi Darvis, Magnús Gauti, Nevena og Sól léku á Smáþjóðaleikunum

Lið Íslands í borðtenniskeppni Smáþjóðaleikanna var skipað Inga Darvis Rodriguez, Víkingi, Magnúsi Gauta Úlfarssyni, BH, Nevenu Tasic, Víkingi og Sól Kristínardóttur Mixa, BH.

Peter Nilsson, landsliðsþjálfari, gat ekki verið með liðinu á mótinu en í stað hans voru þau Aldís Rún Lárusdóttir og Ingimar Ingimarsson með liðinu, að ósk Peters.

Smáþjóðaleikarnir fara fram á tveggja ára fresti og að þessu sinni var komið að Möltu. Leikarnir stóðu frá 28. maí til 4. júní. Borðtenniskeppnin hófst 30. maí með liðakeppni karla og kvenna. Síðan var keppt í tvíliðaleik og keppninni lauk með keppni í einliðaleik.

Nevena Tasic, Ingi Darvis Rodriguez og Magnús Gauti Úlfarsson unnu öll leik í riðlakeppninni og Nevena komst í 8 manna úrslit.

### **Leikmenn úr landsliðinu á Mega Cup helgina 20.-21. maí**

Leikmenn úr landsliðinu kepptu á Mega Cup í Osló 20.-21. maí. Leikmennirnir sem tóku þátt voru Gestur Gunnarsson, KR, Ingi Darvis Rodriguez, Víkingi, Magnús Jóhann Hjartarson, Víkingi, Magnús Gauti Úlfarsson, BH og Sól Kristínardóttir Mixa, BH.

Ingi Darvis Rodriguez sigraði í flokki eldri ungmenna (Herrer eldre junior). Fleiri Íslendingar voru á verðlaunapalli því Magnús Gauti Úlfarsson varð í 3.-4. sæti í sama flokki. Hann varð svo í 2. sæti í flokki Herrer elite, en þar varð Magnús Jóhann Hjartarson í 3.-4. sæti eftir tap fyrir nafna sínum í undanúrslitum.

Sól Kristínardóttir Mixa varð í 2. sæti í flokki Damer elite. Magnús Gauti sigraði í flokki Herrer A og Sól í flokki Damer junior.

## **Júní 2023**

### **EM 13 ára og yngri**

Fjórir leikmenn frá Íslandi tóku þátt í fyrsta Evrópumeistaramóti fyrir 13 ára og yngri, sem fram fór í Zagreb í Króatíu 14.-18. júní. Leikmenn Íslands voru Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, KR, Helena Árnadóttir, KR, Heiðar Leó Sölvason, BH og Kristján Ágúst Ármann, BH. Með í för var Tómas Ingi Shelton, unglíngalandsliðsþjálfari.

Íslenska u13 liðið hafnaði í 26. sæti á EM eftir 0-3 tap gegn Litháen í leik um 25. sæti. Allir íslensku leikmennirnir unnu lotu á mótinu. Alls tóku lið frá 28 löndum þátt í mótinu.

Auk þess léku íslensku leikmennirnir í B-keppni í einliðaleik en þar var leikið með útsláttarfyrirkomulagi. Þessir leikir töpuðust allir 0-3. Guðbjörg Vala lék við stúlku frá Spáni, Heiðar Leó lék við leikmann frá Kosovo, Helena við stúlku frá Litháen og Kristján Ágúst við leikmann frá Serbíu.

## **Júlí 2023**

### **EM unglínga**

Íslensku strákarnir hófu keppni á EM unglínga í Gliwice í Póllandi þann 14. júlí sem hófst með liðakeppni. Keppt var í riðlum en að riðlakeppninni lokinni var leikið upp úr riðlum um einstök sæti.

Drengjaliðið (junior, 16-18 ára) var skipað þeim Eiríki Loga Gunnarssyni, Steinari Andrasyni og Þorbergi Frey Pálmarssyni.

Sveinaliðið (kadett, 15 ára og yngri) skipuðu þeir Alexander Ivanov, Benedikt Aron Jóhannsson og Tómas Hinrik Holloway.

Drengjalið Íslands tapaði 1-3 fyrir Lettlandi í lokaleik sínum á EM unglínga í Póllandi. Leikið var um 38. sæti og með tapinu hafnaði Ísland í 39. sæti.

Allir strákarnir unnu leik á mótinu.

Sól Kristínardóttir Mixa keppti í einliðaleik, tvíliðaleik og tvenndarkeppni á mótinu en Ísland tók ekki þátt í liðakeppni stúlkna þessu sinni.

## **Gestur, Magnús Gauti og Magnús Jóhann léku í Wolverhampton**

Þeir Gestur Gunnarsson, KR, Magnús Gauti Úlfarsson, BH og Magnús Jóhann Hjartarson, Víkingi, léku á Grand Prix móti í Wolverhampton í Englandi um miðjan júlímánuð. Mótið var hluti af Grand Prix mótaröðinni í Englandi og er leikið í nokkrum flokkum.

Þeir félagar léku allir í nokkrum flokkum. Magnús Jóhann var sá eini sem komst í verðlaunasæti.

## **Alexander og Benedikt kepptu á alþjóðaleikum barna í Suður-Kóreu**

Alexander Ivanov, BH og Benedikt Aron Jóhannsson, Víkingi tóku þátt fyrir hönd Reykjavíkur í alþjóðaleikum barna, International's Children's games í Daegu í Suður Kóreu þann 5.-10. júlí.

Báðir stóðu sig vel en margir sterkir keppendur voru á mótinu. Ársæll Aðalsteinsson var þjálfari strákanna á leikunum.

Benedikt sigraði leikmann frá Coventry í fyrstu umferð sárabótkeppinnar á öðrum degi keppinnar en sá hafði unnið Benedikt í sömu keppni í Coventry á síðasta ári. Benedikt datt því næst úr keppni eftir tap gegn leikmanni frá Slóvakíu.

Alexander tapaði sínum leik í sárabótkeppninni gegn sterkum þýskum leikmanni en sá fór alla leið og sigraði í sárabótkeppninni.

## **Ágúst 2023**

### **Mattia Luigi Contu varð nýr unglíngalandsliðsþjálfari**

Borðtennissambandið auglýsti í júlí eftir unglíngalandsliðsþjálfara til að taka við af Tómasi Inga Shelton, sem hafði starfað sem slíkur sl. 5 ár og óskaði ekki eftir að ljúka störfum vegna þess að hann hóf framhaldsnám í Háskóla Íslands.

Alls bárust 8 góðar umsóknir frá 4 löndum (auk Íslands) um starfið og ákvað landsliðsnefnd, eftir staðfestingu stjórnar BTÍ, að ráða Ítalann Mattia Luigi Contu í starfið. Mattia kom fyrst til Íslands og hélt æfingabúðir fyrir landsliðið og unglíngalandsliðið í maí 2023.

Æfingaárið 2023-2024 hélt Mattia unglíngalandsliðsæfingu annan hvern föstudag í íþróttahúsi Hagaskóla og A-landsliðsæfingu alla aðra föstudaga. Á vorönn bættust við aukaæfingar fyrir unglíngalandsliðshópinn til undirbúnings mótaþátttöku. Þá var tekin upp sú nýbreytni að Magnús Jóhann Hjartarson, borðtennismaður og einkaþjálfari með meiru, sá um styrktaræfingar fyrir báða landsliðshópana á haustönn. Ánægja var með þá viðbót.



## September 2023

### Æfingabúðir fyrir landsliðið

Í ágúst fóru fram æfingabúðir fyrir landsliðið í Íþróttahúsi Hagaskóla 22. til 24. september. Peter Nilsson, landsliðsþjálfari stýrði búðunum, og Mattia Contu, unglingslandsliðsþjálfari var honum til aðstoðar.

## Október 2023

### Þjálfaranámskeið í Lettlandi

Mattia unglingslandsliðsþjálfari tók þátt í þjálfaranámskeiði í Lettlandi dagana 25. og 26. september sl. en BTÍ fékk boð um að senda þátttakanda sér að kostnaðarlausu. Sá sem stýrði námskeiðinu heitir Jarek Kolodziejczyk.

Mattia var nokkuð ánægður með námskeiðið, sagði það hafa verið góða upprifjun á ýmsum þáttum í þjálfun og lært einnig nýja hluti.

### Landsliðsfólk í Frakklandi

Leikmenn úr landsliðshópnum fóru í æfingaferð til Frakklands þann 13.-18. október sl. Þau Aldís Rún Lárusdóttir, Gestur Gunnarson, Magnús Gauti Úlfarsson, Pétur Gunnarsson, Sól Kristínardóttir Mixa og Stella Karen Kristjánsdóttir fóru í ferðina. Aldís og Pétur fóru heim þann 16. október en hinir



leikmennirnir dvöldu til þess 18. Sömu helgi hafði verið áformað að Arctic Open færi fram í Grænlandi en þar sem Grænendingar frestuðu keppninni var efnt til þessarar ferðar í staðinn.

Liðið heimsótti og æfði í þróunarmiðstöð fransks borðtennis í CREPS de Strasbourg, þar sem Guillaume Simonin U13 þjálfari Frakka tók höfðinglega á móti leikmönnum.

Liðið lék nokkra vináttuleiki. Þau töpuðu fyrir Racing Club de Strasbourg, þar sem Magnús Gauti vann báða sína einliðaleiki.

Þau unnu með yfirburðum leik gegn SUS TT, þar sem Gestur var lánaður til franska liðsins vegna forfalla. Íslenska liðið vann alla karlaleikina en kvennamegin vann sterkari franska stúlkan þær Aldísi og Stellu, en Sól náði að vinna hana.

Þriðji vináttuleikurinn var við sterkasta tvíliðaleiksparið í Schiltigheim, sem Gestur og Magnús náðu að vinna 3-0.

### **Þrír leikmenn úr unglíngalandsliðshópnum á Riga City Council Cup**

Þeir Benedikt Jiyao Davíðsson, Víkingi, Kristján Ágúst Ármann, BH og Lúkas André Ólason, KR, léku á Riga City Council Cup í Riga í Lettlandi 25.-27. október.

Borðtennissambandið fékk boð um að senda keppendur á mótið og fór Mattia Contu, unglíngalandsliðsþjálfari á mótið með leikmönnum. Einnig fór hver þeirra með foreldri með sér. Íslenskir unglíngar hafa nokkrum sinnum áður leikið á þessu móti.

Íslensku keppendurnir þrír komust allir upp úr sínum riðlum og í útsláttarkeppnina. Leikið var um hvert sæti, og því fengu þeir marga leiki.

Bestum árangri íslensku leikmannanna náði Benedikt Jiyao Davíðsson, sem varð í 5. sæti í flokki 11 ára og yngri (fæddir 2012 og síðar), en 27 keppendur voru í flokknum. Benedikt vann sinn riðil og lagði þar leikmann frá Lettlandi og annan frá Litháen. Ítarlega er fjallað um úrslit mótsins á vef BTÍ.

## **Nóvember 2023**

### **Æfingabúðir landsliðsins helgina 3.-5. nóvember**

Helgina 3.-5. nóvember voru haldnar æfingabúðir fyrir landsliðið í umsjón Peters Nilsson landsliðsþjálfara. Mattia Contu, unglíngalandsliðsþjálfari aðstoðaði Peter á fyrstu æfingunni.

Æft var föstudag til sunnudag í Íþróttahúsi Hagaskóla. Auk þess voru leikmenn í landsliðshópnum hvattir til að taka þátt í Stórmóti HK, og fylgdist Peter með mótinu.

## **Desember 2023**

### **Finlandia Open**

Fimm leikmenn úr landsliðshópnum tóku þátt í Finlandia Open, sem fram fór í Helsinki í Finnlandi 30. nóvember – 2. desember. Þau sem léku voru:

- Aldís Rún Lárusdóttir, KR
- Ingi Darvis Rodriguez, Víkingi
- Magnús Jóhann Hjartarson, Víkingi
- Magnús Gauti Úlfarsson, BH
- Sól Kristínardóttir Mixa, BH

Bestum árangri náði Magnús Gauti Úlfarsson sem lék í 8 manna úrslitum við stigahæsta leikmann mótsins, Benedek Olah frá Finnlandi, og tapaði 0-3. Olah lék til úrslita á mótinu.



## Janúar 2024

### **Æfingabúðir landsliðsins helgina 12.-14. janúar**

Helgina, 12. – 14. janúar, voru æfingabúðir hjá íslensku landsliðunum sem Peter Nilsson landsliðsþjálfari stýrði. Peter náði einnig að fylgjast með deildarkeppninni í TBR sömu helgi.

## Mars 2024

### **Æfingabúðir unglingslandslíða Íslands og Færeyja**

Helgina 8. - 11. mars 2024 kom færeyska unglingslandslíðið til landsins í æfingabúðir á vegum BTÍ hjá Garpi á Laugalandi. Færeyingarnir fengu danskan styrk til verkefnisins og mættu 8 krakkar á þeirra vegum, auk tveggja fararstjóra.

Þjálfarar í búðunum voru Mattia Luigi Contu, unglingslandslíðsþjálfari og Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson, yfirþjálfari Garps.

Íslensku leikmennirnir sem tóku þátt voru:

- Benedikt Jiyao Davíðsson, Víkingi
- Benedikt Aron Jóhannsson, Víkingi
- Darian Adam Róbertsson Kinghorn, HK
- Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, KR
- Helena Árnadóttir, KR
- Kristján Ágúst Ármann, BH
- Lúkas André Ólason, KR
- Tómas Hinrik Holloway, KR

### **Æfingabúðir landsliðsins helgina 22.-24. mars**

Helgina, 22. – 24. mars, voru æfingabúðir hjá íslensku landsliðunum sem Peter Nilsson landsliðsþjálfari stýrði.

## Mót innanlands apríl 2023 - apríl 2024

Líflegt mótahald var keppnistímabilið 2023 - 2024. Fjöldi móta var haldinn og hér verður stiklað á stóru í mótahaldi vetrarins auk móta sem voru haldin vor og sumar 2023. Á [bordtennis.is](http://bordtennis.is) má finna fréttir af öllum mótum sem voru haldin með nánari upplýsingum.

### Apríl 2023

#### Tæplega 100 keppendur á Héraðsmóti HSK

HSK-mótið í borðtennis fór fram sunnudaginn 16. apríl 2023 í Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli. Alls tóku þátt 95 keppendur frá 7 félögum. Keppendur stóðu sig vel og gekk mótið vel fyrir sig. Á héraðsmótum er stigakeppni á milli félaga og sigraði Dímon í heildarstigakeppni mótsins.

### September 2023

#### Óformleg aldursflokkamót

Mattia Contu, unglíngalandsliðsþjálfari bauð til opins móts fyrir unga leikmenn í Íþróttahúsi Hagaskóla 10. september, 15. október og 12. nóvember. Miðað var við leikmenn í drengja/stúlknaflökki eða yngri, þ.e. 18 ára og yngri. Á mótinu fengu ungir leikmenn tækifæri til að spila nokkra leiki. Mótið gildir ekki til stiga á styrkleikalista. Á þennan hátt fá leikmenn meiri keppnisreynslu um leið og þeir kynnast leikmönnum úr öðrum félögum og njóta samvista við þá.

### Október 2023

#### Pepsi mótið 14. október

Pepsi mótið í borðtennis fór fram í TBR-Íþróttahúsinu 14. okt 2023. Mótið var fjölmennt þar sem keppt var í átta flokkum og keppendur komu frá Víkingi, KR, BR, BH, Erninum, ÍFR, HK og BM. Sigurvegarar í mótinu voru:

- Meistaraflokkur kvenna: Nevena Tasic Víkingur
- Meistaraflokkur karla: Bedo Norbert KR
- 1. flokkur karla: Þorbergur Pálmarsson BH
- 1. flokkur kvenna: Guðbjörg Gunnarsdóttir KR
- 2. flokkur karla: Darian Adam HK
- 2. flokkur kvenna; Helena Árnadóttir KR
- Byrjendaflokkur: Pétur Steinn Stephensen Víkingur
- Eldri flokkur karla: Pétur Ó. Stephensen Víkingur

#### Aldursflokkamót Dímonar

Yfir 60 keppendur frá sjö félögum tóku þátt í Aldursflokkamóti Dímonar í borðtennis en mótið var haldið laugardaginn 28. október 2023. í Íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli. Mótið var fyrir keppendur fædda 2006 og síðar og var gaman að sjá metnaðinn og keppnisgleðina hjá öllum aldurshópum. Úrslit úr einstaka flokkum má finna á vef BTÍ.

## **Tvö BH mót**

Þann 7. október 2023 fór fram aldursflokkamót og opið mót í BH í íþróttahúsinu við Strandgötu. Ágæt þátttaka var á aldursflokkamótinu og gaman að sjá nýja leikmenn frá nýjum félögum keppa í aldursflokkamótinu. Keppendur voru frá BR, BH, KR, HK, Víkingi, Garpi, Selfossi, Ungmennafélagi Skeiðamanna og Ungmennafélagi Gnúpverja. Frábærar myndir af mótinu sem Finnur Hrafn Jónsson tók er hægt að sjá á Facebook síðu Borðtennissambands Íslands. Úrslit í einstökum aldursflokkum má finna á vef BTÍ.

## **Nóvember 2023**

### **Stórmót HK og Stiga**

Á Stórmóti HK og Stiga í Snælandsskóla voru alls 31 skráðir í karlaflokki og 5 í kvennaflokki. Mótið var vel heppnað þar sem margir af bestu borðtennisspilurum landsins tóku þátt. Pingpong.is veitti vegleg verðlun með STIGA vörum. Magnús Gauti vann karlaflokkinn eftir sigur á nafna sínum Magnúsi Jóhanni en alls voru 31 keppendur í karlaflokki. Í kvennaflokki sigraði Nevena eftir sigur á Aldísi. Alls tóku fimm keppendur þátt í kvennaflokki.

### **KR Open**

Magnús Gauti Úlfarsson, BH og Sól Kristínardóttir Mixa, BH, sigruðu í meistaraflokki elite á fyrri keppnisdegi KR Open, sem fram fór í Íþróttahúsi Hagaskóla 25.-26. nóvember.

Kristján Ágúst Ármann, BH var sigurvegari í flokki stelpna og stráka undir 14 ára og Michal May-Majewski, BR sigraði í flokki karla og kvenna 40 ára og eldri.

Seinni dagur KR Open fór fram í Íþróttahúsi Hagaskóla sunnudaginn 26. nóvember. Keppt var í sjö flokkum, bæði aldursflokkum og styrkleikaflokkum.

Magnús Gauti Úlfarsson í BH sigraði í tveimur flokkum, opnum flokki A (undir 2500 stig) og í flokki þar sem leikið var með öfugri hendi, til viðbótar við sigurinn í meistaraflokki á fyrri degi mótsins.

Óskar Agnarsson, HK, sigraði í opnum flokki B (undir 2000 stig). Kristján Ágúst Ármann, BH, vann opinn flokk C (undir 1500 stig) og vann þar með sín önnur gullverðlaun á mótinu, því hann vann líka undir 14 ára flokkinn á laugardeginum.

Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, KR, vann flokk stráka og stelpna 16 ára og yngri, og Benedikt Darri Malmquist, HK, vann flokk 11 ára og yngri.

Þá var keppt í opnum byrjendaflokki, þar sem áratugir skildu að elsta og yngsta leikmanninn, og þar sigraði Brynjar Gylfi Malmquist, HK.

## **Desember 2023**

### **Jólamót Mattia**

Mattia Contu, unglíngalandsliðsþjálfari hélt mót fyrir alla leikmenn í Íþróttahúsi Hagaskóla þann 10. desember. Mattia kallar fyrirkomulag mótsins „balanced“, sem gefur öllum tækifæri til að vinna mótið. Það þýðir að allir leikmenn spila miðað við mismun í stigum sem er á þeim, en það tekur tillit til þess munar sem er á leikmönnum, þ.e. hér er um forgjafarmót að ræða.

## Stóra Víkingsmótið

Stóra Víkingsmótið fór fram í TBR-Íþróttahúsinu 2. desember 2023. Mjög góð þátttaka var í mótinu frá félögum Víkingi, KR, BR, HK, Erninum og BH. Keppt var í meistaraflokki karla og kvenna, 1 fl. karla og kvenna, 2 fl. karla og kvenna, eldri flokki karla og byrjendaflokki.

- Í meistaraflokki karla sigraði Kári Mímisson Víkingi
- Í meistaraflokki kvenna sigraði Stella Kristjánsdóttir Víkingi
- Í 1. flokki kvenna sigraði Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir KR
- Í 1. flokki karla sigraði Örn Þórðarson HK
- Í 2. flokki karla sigraði Oleksil Yahupov BR
- Í 2. flokki kvenna sigraði Helena Árnadóttir KR
- Í eldri flokki karla sigraði Sighvatur Karlsson Víkingur
- Í byrjendaflokki sigraði Brynjar Gylfi Garðarsson HK.

## Janúar 2024

### Unglingamót HK

HK efndi til unglingamóts á Þrettándanum, laugardaginn 6. janúar 2024, þar sem keppt var í sex flokkum drengja og stúlkna.

- Kristján Ármann, BH, sigraði tvöfalt, í sínum aldursflokki, þ.e. kadettflokki sveina og spilaði upp fyrir sig í juniorflokki (drengjaflokki) þar sem hann sigraði sömuleiðis.
- Emma Niznianska, BR sigraði í kadettflokki meyja. Guðný Lilja Pálmadóttir, Garpi, var eini keppandinn í minikadett flokki (telþnaflokki) og lék með eldri stelpunum.
- Dawid May-Majewski, BR, vann í minikadett flokki pilta.

### Íslandsmót í flokkakeppni unglunga

Laugardaginn 27. janúar var haldið Íslandsmótið í flokkakeppni unglunga á Selfossi. BTÍ tók ákvörðun um það í vetur að endurvekja þetta skammtilega mót en það var síðast haldið árið 2020. Leikjafyrirkomulagið var þannig að hvert lið var skipað tveimur eða fleiri leikmönnum og vinna þurfti þrjá leiki til að vinna viðureign. Fyrst voru leiknir tveir einliðaleikir, síðan tvíliðaleikur og að lokum tveir einliðaleikir til viðbótar ef nauðsyn krafði til að knýja fram úrslit.

Borðtennisfélag Selfoss hafði veg og vanda af mótinu, sem er fyrsta mótið sem félagið heldur sem gildir til styrkleikalista BTÍ, og var umgjörð þeirra frábær. Keppt var á 12 borðum í Íþróttahúsi Vallarskóla þar sem borðtennisfélag Selfoss er með æfingaraðstöðu sína. Keppnislið voru frá Selfossi, Garpi, BH, HK, Selfossi og eitt frá KR.

Mest spennandi var keppnin í fjölmennustum flokki pilta 13 ára og yngri þar sem vaskir og djarfhuga piltar úr HKA A unnu í úrslitum lið Garps A.

Í flokki sveina 13-15 ára sigruðu ósmeykir og kjarkaðir BH sveinar. Í flokki sameinaðra flokka telþna 13 ára og yngri og meyja 13-15 ára sigruðu hugdjarfa og óhræddar KR meyjar. Í flokki drengja 16-18 ára sigruðu áræðnir og óhræddir BH drengir og í flokki stúlkna snarpar og röklegar Dímon stúlkur.



## BH OPEN

BH OPEN 2024 var haldið í annað sinn helgina 20.-21. janúar nk. í Íþróttahúsinu við Strandgötu 53 í Hafnarfirði. 88 keppendur, þar á meðal 8 frá borðtennisfélaginu Roskilde í Danmörku. Keppt var í 10 mismunandi flokkum yfir daginn í mismunandi alders- og getuflokkum. Úrslit í öllum flokkum má finna á vef BTÍ.

## Reykjavíkurlaikarnir 27. janúar

Laugardaginn 27. janúar fór fram borðtennismót Reykjavíkurlaikanna 2024 í TBR-Íþróttahúsinu í Laugardal. Sigurvegarar mótsins voru Ingi Darvis Rodriguez og Guðrún G Björnsdóttir.

## Febrúar 2024

### Bikarkeppni félaga

Bikarkeppni félaga 2024 fór fram í TBR-Íþróttahúsinu 17. febrúar. Átta lið voru skráð til keppni frá Víkingi, KR, BR, BM og BH.

Í undanúrslitum lék annars vegar lið Víkings B skipað Stelli Karen Kristjánsdóttur, Benedikt Jóhannssyni og Ísak Unnarssyni gegn liði BH skipað Sól Kristínardóttir Mixa, Magnúsi Gauta Úlfarssyni og Þorbergi Frey Pálmarsyni. Leiknum leik með örugum sigri BH 4 – 0. Í hinum undanúrslitaleiknum léku KR A gegn KR B. Í liði KR A léku Helena Árnadóttir, Norbert Bedo og Skúli Gunnarsson og í liði KR B léku Þóra Þórisdóttir, Elvar Kjartansson og Ellert Georgsson. Leikar fóru þannig að KR A sigraði 4 – 1 eftir marga skemmtilega leiki.



Úrslitaleikinn léku því BH gegn KR A. Leikar fóru þannig að BH sigraði 4 – 1 eftir margar hörkuviðureignir.

### Íslandsmót öldunga

BR, HK, KR og Víkingur unnu Íslandsmeistaratitlana á Íslandsmóti öldunga, sem fram fór í Íþróttahúsi Hagaskóla laugardaginn 24. febrúar. Einnig voru keppendur frá BM, ÍFR og Selfossi á mótinu. Bjarni Þorgeir Bjarnason, HK, Ingólfur Sveinn Ingólfsson, KR og Kristján Aðalbjörn Jónasson, Víkingi unnu tvo titla hver á mótinu.



## Íslandsmót fullorðinna



Íslandsmótið 2024 var sett í Íþróttahúsinu í Digranesi í Kópavogi föstudaginn 1. mars. Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri í Kópavogi og fyrrum Íslandsmeistari í unglingsaflokkum (1991-1993) og í 1. flokki kvenna (1992) setti mótið og sló fyrsta höggið.

Kristján Jónasson úr Víkingi tekur þátt í sínu 50. Íslandsmóti og var honum vel fagnað.

Eva Josteinsdóttir og Ingi Darvis Rodriguez, Víkingi, urðu Íslandsmeistarar í tvenndarleik. Þau lögðu Sól Kristínardóttur Mixa og Magnús Gauta Úlfarsson, BH 11-6 í oddalotu.

Guðrún G Björnsdóttir og Pétur Gunnarsson, Þóra Þórisdóttir og Ellert Kristján Georgsson, öll úr KR höfnuðu í 3.-4. sæti.

Ingi Darvis Rodriguez, Víkingi, og Sól Kristínardóttir Mixa, BH, urðu Íslandsmeistarar í einliðaleik á Íslandsmótinu. Þetta var fyrsti titill Sólar í einliðaleik en Ingi Darvis sigraði líka árið 2020.

Ingi Darvis varð þrefaldur Íslandsmeistari en hann sigraði líka í tvíliðaleik með Magnúsi Jóhanni Hjartarsyni, Víkingi, og tvenndarleik með Evu Josteinsdóttur, Víkingi. Ingi og Magnús voru þar með titillinn sem þeir hafa unnið síðustu tvö ár.

Sól varð tvöfaldur meistari en hún varð Íslandsmeistari í tvíliðaleik með Aldísi Rún Lárusdóttur, KR og er þetta fyrsti titillinn í tvíliðaleik sem þær vinna saman. Sól er fyrsta konan úr BH til að verða Íslandsmeistari í einliðaleik í meistaraflokki.





Hin 13 ára Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir úr KR sigraði í 1. flokki kvenna og Pétur Marteinn Urbancic Tómasson úr BH í 1. flokki karla. Anna Sigurbjörnsdóttir, KR, sigraði í 2. flokki kvenna og Dawid May-Majewski, BR í 2. flokki karla. Titill Dawids var fyrsti titill BR á Íslandsmóti fullorðinna í borðtennis.

Halldóra Ólafs vann fyrstu verðlaun BM á Íslandsmóti í borðtennis, en félagið var stofnað árið 2023. Hún vann til bronsverðlauna í tvíliðaleik kvenna, þar sem hún lék með Stellu Karen Kristjánsdóttur úr Víkingi.

Sjö manna fjölskylda úr Vesturbænum í Reykjavík sýndi hvað borðtennis er góð fjölskylduþrótt en þau Guðrún Gestsdóttir og Gunnar Skúlason og börn þeirra fimm, Pétur, Skúli, Gestur, Eiríkur Logi og Guðbjörg Vala kepptu öll á mótinu. Þau fóru heim með fern verðlaun, þar á meðal ein gullverðlaun.

Skráðir keppendur á mótinu voru 99, og komu þeir úr félögum BH, BM, Garpi, HK, ÍFR, KR og Víkingi.

BTÍ vill koma sérstökum þökkum á framfæri til HK sem tók að sér að halda mótið við framúrskarandi aðstæður í Digranesi. Einnig vill BTÍ þakka mótsstjórn fyrir vel unnin störf en í henni voru Tómas Shelton, Guðrún Gestsdóttir og Óskar Agnarsson. Að auki vill stjórn þakka Eyrúnu Elíasdóttur, sem aðstoðaði við mótsstjórn á föstudaginn og dæmdi alla helgina. Öllum öðrum sjálfbóðaliðum og dómurum sem lögðu hönd á plóg við að gera mótið svona glæsilegt eru færðar þakkir.

### Unglingamót Víkings

Unglingamót Víkings í borðtennis fór fram í TBR-Íþróttahúsinu 10. mars 2024. Góðir gestir frá Færeyjum tóku þátt í mótinu, þ.e. 8 unglingalandsliðsleikmenn sbr. umfjöllun um æfingabúðir hér að ofan. Leikmenn komu frá Víkingi, HK, Garpi, BH, KR, BM, Selfossi, BR og Færeyjum. Úrslit mótsins má finna á vef BTÍ.



## Íslandsmót unglunga 2024 á Hvolsvelli

Íslandsmót unglunga í borðtennis fór fram í íþróttamiðstöðinni á Hvolsvelli helgina 16. – 17. mars 2024. Mótið var í umsjá Borðtennissambands Íslands. Leikið var í tvenndarkeppni, tvíliðaleik drengja og stúlkna og í einliðaleik drengja og stúlkna.

Skráðir keppendur voru 89 talsins og var keppt í 17 flokkum. Í fyrsta skipti voru keppendur á mótinu frá BM í Mosfellsbæ, Umf. Gnúpverja og Umf. Þristi á Fljótsdalshéraði, en einnig keppendur frá BH, BR, Dímon, Garpi, HK, KR, Selfossi og Víkingi.

BH, BR, Dímon, Garpur, HK og KR unnu Íslandsmeistaratitla á mótinu.

Alexander Chavdarov Ivanov, BH, Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, KR og Sól Kristínardóttir Mixa, BH unnu þrefalt á mótinu. Alexander hefur unnið sinn flokk í einliðaleik frá árinu 2017 og Guðbjörg Vala frá árinu 2019, ef árið 2020 er undanskilið þegar mótið féll niður vegna kórónaveirufaraldursins.

Benedikt Darri Malmquist, HK, Guðný Lilja Pálmadóttir, Garpi, Kristján Ágúst Ármann, BH og Marsibil Silja Jónsdóttir, Dímon unnu tvo titla hvert.



## BR Open

Dawid May-Majewski og Emma Niznianska, bæði úr BR, sigruðu á BR Open, þar sem keppt var í 2. flokki karla og kvenna. Mótið fór fram í húsnæði Borðtennisfélags Reykjanesbæjar í Keflavík þann 23. mars. Keppendur voru 23 frá BM, BR, Garpi, HK, KR, Selfossi og Víkingi. Auk verðlaunapeninga fengu sigurvegarar í karla- og kvennaflokki 10 þús. kr. gjafabréf frá pingpong.is.

## Apríl 2024

### Íslandsmót ÍF í borðtennis

Hákon Atli varð tvöfaldur Íslandsmeistari á Íslandsmóti fatlaðra

Íslandsmót fatlaðra fór fram í Íþróttahúsinu við Hátún laugardaginn 20. apríl. Hákon Atli Bjarkason varð tvöfaldur Íslandsmeistari en hann sigraði í opnum flokki og í sitjandi flokki 1-5.

Íslandsmeistarar á mótinu voru:

- Opinn flokkur: Hákon Atli Bjarkason
- Flokkur 11 konur: Inga Hanna Jóhannesdóttir
- Flokkur 11 karlar: Óskar Aðils Kemp

- Sitjandi flokkur 1-5: Hákon Atli Bjarkason
- Standandi flokkur 6-10: Björn Harðarson
- Tvíliðaleikur: Vova Chernyavsky og Agnar Ingi Traustason

### Héraðsmóti í borðtennis á Hvolsvelli

49. héraðsmót HSK í borðtennis var haldið á Hvolsvelli fimmtudaginn 25. apríl 2024. Alls tóku 77 keppendur frá fjórum félögum þátt og var hörkukeppni í öllum flokkum. Keppt var um HSK meistaratitil í 12 flokkum. Garpur vann stigakeppni félaga með 96,5 stig og 4 HSK titla, Dímon varð í öðru sæti með 74,5 stig og 4 HSK titla, Selfyssingar urðu í þriðja með 50 stig og 4 HSK titla og Gnúpverjar fengu 6 stig.

### Coca-Cola mótið

Coca Cola mótið í borðtennis fór fram í TBR-Íþróttahúsinu 20 apríl 2024. Mótið var fjölmennt þar sem keppendur komu frá Víkingi, KR, BH, BR, BM, ÍFR og HK. Sigurvegarar í mótinu voru:

- Byrjendaflokkur: Pétur Steinn Stephensen Víkingur
- 2. flokkur karla: Piotr Herman BR
- 1. flokkur kvenna: Helena Árnadóttir KR
- 1. flokkur karla: Darían Adam HK
- MFL karla: Bedo Norbert KR
- MFL kvenna: Guðbjörg Gunnarsdóttir KR
- Eldri fl. karla: Jón Gunnarsson BR

### Hjálmarsmót KR

Hjálmarsmót KR fór fram í Íþróttahúsi Hagaskóla laugardaginn 27. apríl. Keppt var í tvíliðaleik í tveimur flokkum á stórum borðum, sem voru sett saman úr fjórum hefðbundnum borðtennisborðum. Í opnum flokki sigruðu bræðurnir Pétur Gunnarsson og Eiríkur Logi Gunnarsson úr KR. Það voru líka bræður sem sigruðu í U1500 stiga flokki en það voru Magnús og Tómas Holloway úr KR. Haldin var B-keppni í U1500 flokknum og í henni sigruðu Guðrún Gestsdóttir og Þórunn Erla Gunnarsdóttir úr KR.

# Deildakeppni 2022-2023

Apríl 2023

## BH Íslandsmeistari karla 2023

Úrslit réðust i deildakeppni karla í borðtennis 29. apríl 2023. Í 1. deild léku til úrslita lið KR A og BH A. KR-ingar eru ríkjandi Íslandsmeistarar en urðu í öðru sæti í deildakeppninni í ár á eftir BH-ingum sem urðu deildarmeistarar þetta árið. Leikmenn BH mættu mjög ákveðnir til leiks og komust í 4-0 en vinna þarf sex leiki til að sigra viðureignina. KR ingar veittu hins vegar BH harða keppni í fyrstu tveimur leikjunum þar sem þurfti oddalotu til að knýja sigur. Leikið er á tveimur borðum samtímis í deildakeppni og staðan eftir sex leiki var 5-1 BH í vil. Í næstu viðureign var keppt í tvíliðaleik þar sem KR ingar unnu og staðan var orðin 5-2. Að lokum var það Magnús Gauti Úlfarsson sem landaði titlinum fyrir BH inga með öruggum sigri í lokaleiknum. Niðurstaðan 6-2 sigur fyrir BH sem þar með urðu Íslandsmeistarar í liðakeppni í annað sinn í sögu félagsins.

KR B varð Íslandsmeistari í 2. deild karla með öruggum 6-0 sigri á HK B og liðið leikur því í 1. deild á næsta ári. Liðin höfðu sætaskipti frá deildakeppninni þar sem HK B varð deildarmeistari.

Í 3. deild karla sigraði lið Víkinga C eftir eftir 6-3 sigur á KR E en Víkingar C fóru taplausir í gegnum deildakeppnina og leika í 2. deild á næsta tímabili.

Í liði Íslandsmeistara BH voru Magnús Gauti Úlfarsson, Jóhannes Bjarki Tómasson Urbancic, Birgir Ívarsson og Pétur Marteinn Tómasson Urbancic. Lið KR inga var skipað Ellerti Georgssyni, Gesti Gunnarssyni, Bedö Nerbo og Skúla Gunnarssyni.





## Víkingur Íslandsmeistari kvenna 2023

Víkingar urðu Íslandsmeistarar í liðakeppni í borðtennis eftir að hafa unnið KR í úrslitaleik 3-2 í Íþróttahúsi Hagaskóla. Víkingar hafa verið ósigráðir í 1. deild kvenna síðastliðin fimm ár og mættu einmitt KR í úrslitaleik á síðasta ári.

Eftir tvo fyrstu einliðaleikina var staðan 1-1 og ljóst að næsti leikur sem var tvíliðaleikur yrði þýðingarmikill fyrir framhaldið. Þann leik unnu Víkingar örugglega 3-0 og voru þar með komnir yfir 2-1 í viðureigninni. KR þurfti því að sigra í báðum einstaklingsleikjum sem eftir voru. Þar reyndist Nevena Tasic, margfaldur Íslandsmeistari, vera of stór biti fyrir KR en hún vann Aldísi Rún Lárusdóttur meðan Guðrún Björnsdóttir KR vann Stellu Kristjánsdóttur Víkingi. Niðurstaðan var því 3-2 sigur og Víkingar hömpuðu titlinum.

Lið Víkinga var skipað Nevenu Tasic og Stellu Kristjánsdóttur. Lið KR var skipað Aldísi Rún Lárusdóttur og Guðrúnu Björnsdóttur.



## KR-E sigraði Akur eftir framlengingu í umspilsleik um sæti í 2. deild

KR-E sigraði Akur eftir framlengingu í umspilsleik um sæti í 2. deild. Framlengingunni lauk með 5-3 sigri KR-E eftir 5-5 jafntefli að loknum hefðbundnum leik. KR verður því með lið í 2. deild á næsta keppnistímabili en Akur fellur niður í 3. deild.

# Deildakeppni 2023-2024

## Nýtt keppnisfyrirkomulag í úrslitakeppni

Breytt fyrirkomulag var kynnt í úrslitakeppni karla og kvenna í öllum deildum. Markmiðið var að úrslitakeppni verði áhorfendavænni. Spilað var á einu borði, vinna þurfti þrjá leiki til að sigra. Notast var við eftirfarandi fyrirkomulag en það var m.a. notað á European Games 2023.

- Tvíliðaleikur BC vs YZ
- Einliðaleikur A vs X
- Einliðaleikur C vs Z
- Einliðaleikur A vs Y
- Einliðaleikur B x X

## Nóvember 2023

### BH deildarmeistari kvenna í fyrsta skipti

Lið BH varð deildarmeistari í fyrsta skipti, eftir spennandi keppni í deildakeppni í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Þetta er í fyrsta skipti sem BH verður deildarmeistari og í fyrsta skipti síðan árið 1990 að hvorki KR né Víkingur verður deildarmeistari í 1. deild kvenna.

BH og ríkjandi Íslands- og deildarmeistarar Víkings skildu jöfn í fyrstu umferðinni. Eftir að liðin fjögur í 1. deild kvenna, Gullfiskdeildinni, höfðu öll leikið innbyrðis, voru bæði BH og Víkingur með 5 stig, höfðu unnið 17 leiki og tapað 7. Þá þurfti að telja unnar og tapaðar lotur, og þar hafði BH talsvert betra hlutfall, og varð því deildarmeistari. Lið BH skipuðu Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir, sem var á láni frá KR, Sól Kristínardóttir Mixa og Vivian Huynh frá Noregi. Vönduð umfjöllun um keppnina var birt í Íþróttafréttum Stöðvar 2.

A-lið KR varð í 3. sæti með 2 stig og B-lið KR varð neðst án stiga, og fellur í 2. deild, verði leikið í tveimur deildum á næsta keppnistímabili.

Liðin í verðlaunasætum fengu harðfisk frá Gullfisk, styrktaraðila deildarinnar.

BH og Víkingur leika því úrslitaleik um Íslandsmeistaratitilinn í 1. deild kvenna í apríl.

### KR-C sigraði í 2. deild kvenna

Í fyrsta skipti var keppt í 2. deild kvenna og fór keppni fram í báðum deildum í Íþróttahúsinu við Strandgötu í Hafnarfirði. Fjögur lið voru skráð í deildina en Hvöt frá Blönduósi forfallaðist.

KR-C vann báða leiki sína og sigraði því í 2. deild með 4 stig. Verði keppt í tveimur kvennadeildum á næsta ári leikur liðið í 1. deild. Lið BR varð í 2. sæti með 2 stig og lið Garps í 3. sæti. Hart var barist í leikjunum og mátti heyra hvatningaróp leikmanna í salnum.

Lið KR-C skipuðu Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, Helena Árnadóttir, Marta Dögg Stefánsdóttir, Natália Marchíníková og Þórunn Erla Gunnarsdóttir. Sigurliðið fékk sokka og kúlur frá pingpong.is.

## Febrúar 2024

### KR-A deildarmeistari í 1. deild karla

KR-A varð deildarmeistari í 1. deild karla eftir æsispennandi úrslitaleik við BH-A í lokaumferð deildarkeppninnar í Íþróttahúsi Hagaskóla 10. febrúar. Leiknum lauk með 5-5 jafntefli og luku bæði

liðin keppni í deildinni með 15 stig. Þar sem KR-A hafði betra hlutfall unninna og tapaðra leikja varð liðið deildarmeistari. Nánar tiltekið var hlutfall KR-A 51-28 (1,82) en BH-A 50-33 (1,51).

Fyrir lokadaginn átti Víkingur-A líka möguleika á deildarmeistaratitli en liðið tapaði fyrir BH-B, sem gerði úti um þá von. Víkingar höfnuðu því í 3. sæti deildarinnar með 13 stig. HK-A varð í 4. sæti með 8. stig og fer í úrslitakeppnina.

BH-B varð í 5. sæti með 6 stig og leikur við liðið í 2. sæti 2. deildar um sæti í 1. deild á næsta ári.

KR-B fellur í 2. deild en liðið hlaut 3 stig í deildinni.

### **HK-B deildarmeistari í 2. deild**

HK-B varð deildarmeistari í 2. deild karla eftir að hafa unnið Víking-B 6-2 í lokaumferðinni sem var eiginlegur úrslitaleikur í deildinni en aðeins Víkingur-B átti möguleika á að jafna HK-B að stigum fyrir leikinn. HK-B vann alla sína leiki í deildinni.

Lokadaginn kepptu með liðinu Reynir Georgsson, Björgvin Ingi Ólafsson, Örn Þórðarson og Kristinn Sölvi Sigurgeirsson. Í liðinu í vetur lék einnig Victor Berzoi.

### **BH-C, BM, KR-D og BR-C leika til úrslita í 3. deild**

Leikir í 9. og 10. umferðum 3. deildar fóru fram í Íþróttahúsi Hagaskóla sunnudaginn 11. febrúar. Að loknum 10 umferðum er ljóst hvaða lið munu leika til úrslita í 3. deild í vor. Úr A-riðli koma BH-C og KR-D en úr B-riðli leika BM og BR-C í úrslitakeppninni.

## **Apríl 2024**

### **Úrslit í deildakeppni 2024**

Undanúrslit í karladeildum fóru fram á Strandgötu í Hafnarfirði 6. apríl en úrslitin í karladeildum og kvennadeildum fóru fram 13. apríl á sama stað.

Ríkjandi Íslandsmeistarar í BH-A náðu ekki að verja titilinn í ár en liðið tapaði í undanúrslitum gegn Víkingi-A sem atti svo kappi við KR-A, nýkrýnda deildarmeistara, um Íslandsmeistaratitilinn.

Leikið var með breyttu fyrirkomulagi miðað við deildaveturinn í undanúrslitum, spilað var á einu borði og þurfti að vinna þrjá leiki til að sigra. Sama fyrirkomulag var í úrslitum.

Lið Víkings sigruðu bæði í 1. deild karla og kvenna í úrslitaleikjum deildarkeppninnar. Í báðum úrslitaleikjunum lögðu Víkingar deildarmeistarana frá keppnistímabilinu sem er að ljúka.



Víkingur vann BH 3-0 í úrslitum í 1. deild kvenna og varð Íslandsmeistari sjötta árið í röð. Öllum leikjum lauk með 3-1 sigri Víkings. Eva Josteinsdóttir og Lilja Rós Jóhannesdóttir unnu tvíliðaleikinn gegn Harriet Cardew og Sól Kristínardóttur Mixa. Nevena Tasic vann Vivian Huynh og Lilja vann svo Sól í lokaleiknum.

Einnig léku Berglind Ósk Sigurjónsdóttir og Stella Karen Kristjánsdóttir fyrir Víking í vetur og með liði BH lék Kristín Ingibjörg Magnúsdóttir á láni frá KR.

Úrslitaleikurinn í karlaflokki var jafnari en leikurinn í kvennaflokki. Í tvíliðaleiknum léku Kári Mímísson og Magnús Jóhann Hjartarson fyrir Víking gegn Ellert Kristjáni Georgssyni og Péttri Gunnarssyni og höfðu Víkingar sigur 3-1. Ingi Darvis Rodriguez vann svo Norbert Bedo 3-2, 11-9 í oddalotu og kom Víkingum í 2-0 forystu. Ellert hélt KR inni í leiknum með 3-2 sigri á Magnúsi Jóhanni og Norbert jafnaði viðureignina með 3-2 sigri á Kára. Íslandsmeistarinn Ingi Darvis tryggði svo Víkingum sigurinn með öruggum 3-0 sigri á Péttri í lokaleiknum.



Með A-liði Víkings í vetur léku auk þessara þau Daníel Bergmann Ásmundsson, Ísak Indriði Unnarsson, Jörg Sonnentag, Magnús Finnur Magnússon og Nevena Tasic.

Fyrir KR-A léku í vetur þeir Gestur Gunnarsson og Karl Andersson Claesson, auk þeirra leikmanna sem léku úrslitaleikinn.



Einnig var leikið til úrslita í 2. og 3. deild. Í 2. deild karla sigraði Víkingur-B deildarmeistara HK-B 3-1. B-lið Víkings leikur því í 1. deild karla á næsta ári. Lið Víkings í leiknum skipuðu þeir Benedikt Aron Jóhannsson, Hlynur Sverrisson og Ladislav Haluska. Í liði HK voru Björgvin Ingi Ólafsson, Reynir Georgsson og Örn Þórðarson.





Í 2. deild kvenna átti C-lið KR að mæta liði BR í úrslitum, en lið BR mætti ekki til leiks vegna forfalla. Með liði KR-C í vetur léku þær Guðbjörg Vala Gunnarsdóttir, Helena Árnadóttir, Marta Dögg Stefánsdóttir, Natalía Marchiníková og Þórunn Erla Gunnarsdóttir

Þetta er í fyrsta skipti sem keppt er í 2. deild kvenna og C-lið KR er fyrstu meistarnir í 2. deild kvenna.



Sigurvegjarar í 3. deild karla voru C-lið BH, sem lagði lið BM 3-2 í úrslitum. BH-C leikur því í 2. deild á næsta keppnistímabili. Með liði BH-C í leiknum léku Heiðar Leó Sölvason, Hergill Frosti Friðriksson og Kristján Ágúst Ármann en í liði BM voru Halldóra Ólafs, Magnea Ólafs og Mattia Contu.

Hér fyrir neðan má sjá lokaniðurstöðu í deildakeppnum.

### Standings of 1. deild karla – 1. deild karla

	Points	Played	Won	Draw	Lost	Matches	Games	Points
1 KR-A	15	10	7	1	2	51 - 28	175 - 113	2765 - 2414
2 BH-A	15	10	7	1	2	50 - 33	181 - 125	2929 - 2595
3 Víkingur-A	13	10	6	1	3	49 - 35	169 - 146	2925 - 2790
4 HK-A	8	10	3	2	5	44 - 48	163 - 196	3177 - 3352
5 BH-B	6	10	2	2	6	30 - 50	137 - 171	2721 - 2903
6 KR-B	3	10	0	3	7	27 - 57	118 - 192	2594 - 3057

### Standings of 2. deild karla – 2. deild karla – 2. deild

	Points	Played	Won	Draw	Lost	Matches	Games	Points
1 HK-B	20	10	10	0	0	60 - 20	198 - 94	2908 - 2366
2 Víkingur-B	16	10	8	0	2	53 - 21	176 - 96	2678 - 2210
3 BR-A	12	10	6	0	4	45 - 31	156 - 132	2702 - 2446
4 KR-C	5	10	2	1	7	28 - 52	116 - 172	3211 - 2622
5 Víkingur-C	4	10	1	2	7	22 - 56	92 - 182	2044 - 3462
6 HK-C	3	10	1	1	8	29 - 57	121 - 183	2432 - 2869



### Standings of 3. deild – 3. deild – 3. deild A-riðill

	Points	Played	Won	Draw	Lost	Matches	Games	Points
1 BH-C	17	10	8	1	1	55 - 25	180 - 99	2717 - 2118
2 KR-D	15	10	7	1	2	50 - 27	173 - 89	2519 - 1742
3 Garpur	11	10	5	1	4	44 - 37	148 - 139	2568 - 2499
4 BR-B	8	10	4	0	6	33 - 43	113 - 144	1980 - 2209
5 KR-F	5	10	2	1	7	33 - 49	126 - 164	2486 - 2566
6 ÍFR	4	10	2	0	8	18 - 52	57 - 162	914 - 2050

### Standings of 3. deild – 3. deild – 3. deild B-riðill

	Points	Played	Won	Draw	Lost	Matches	Games	Points
1 BM	18	10	8	2	0	58 - 19	184 - 77	2573 - 1729
2 BR-C	16	10	7	2	1	55 - 31	183 - 110	2797 - 2328
3 KR-G	12	10	4	4	2	49 - 38	163 - 142	2638 - 2521
4 KR-E	6	10	2	2	6	34 - 49	133 - 163	2590 - 2653
5 Víkingur-D	5	10	1	3	6	26 - 55	95 - 177	1720 - 2629
6 HK-D	3	10	1	1	8	23 - 53	82 - 171	1823 - 2281

### Standings of 1. deild kvenna – 1. deild kvenna

	Points	Played	Won	Draw	Lost	Matches	Games	Points
1 BH	5	3	2	1	0	17 - 7	59 - 24	836 - 630
2 Víkingur	5	3	2	1	0	17 - 7	53 - 31	808 - 639
3 KR-A	2	3	1	0	2	9 - 13	33 - 44	646 - 726
4 KR-B	0	3	0	0	3	2 - 18	9 - 55	380 - 675

### Standings of 2. deild kvenna – 2. deild kvenna

	Points	Played	Won	Draw	Lost	Matches	Games	Points
1 KR-C	6	3	3	0	0	18 - 5	58 - 16	763 - 435
2 BR	4	3	2	0	1	14 - 9	47 - 30	715 - 521
3 Garpur	2	3	1	0	2	12 - 12	39 - 44	706 - 634
4 Hvöt	0	3	0	0	3	0 - 18	0 - 54	0 - 594

# Útbreiðsluverkefni

Öflugt útbreiðslustarf var á árinu og fjölmargar fréttir á bordtennis.is sem fjalla um útbreiðslustarfið. Það var ekki síst á Suðurlandi þar sem iðkendur hefur fjölgað mikið, félögin hafa staðið fyrir mótum, þjálfarar hafa sótt félögin heim, haldið námskeið og kynningar. Einnig hefur verið unnið kynningarstarf á Austurlandi og Norðurlandi á árinu. Nánar um starfið má finna í fréttum á vef BTÍ en hér má finna nokkrar umfjallanir um útbreiðslustarfið.

Þann 9. nóvember fundaði útbreiðslunefnd BTÍ 2023-2024 í fyrsta skipti í eigin persónu á árinu og kaus sér formann við það tækifæri. Nefndina skipa Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, formaður BTÍ, Már Wolfgang Mixa, gjaldkeri BTÍ og hinn nýi formaður Sigurgeir Ingi Eyvinds Þorkelsson.

## Júní 2023

### Borðtennisíþróttin kynnt á Landsmóti UMFÍ 50+

Annað árið í röð var borðtennisíþróttin kynnt á landsmóti UMFÍ fyrir 50+ ára. Í þetta sinn fór mótið fram í Stykkishólmi 23.-25. júní. Um kynninguna sáu þeir Amid Derayat, HK, Guðmundur Halldórsson, KR og Kambiz Vejdanpak og mættu um 20 manns á kynninguna.

## Júlí 2023

### Nýtt borðtennisfélag í Mosfellsbæ

Þann 6. júlí var nýtt borðtennisfélag stofnað í Mosfellsbæ, Borðtennisfélag Mosfellsbæjar (BM). Stofnfélagar voru fjórir en formaður er Júlíus Valdimar Finnbogason.

Íþróttafulltrúinn og æskulýðsfulltrúinn í Mosfellsbæ, ásamt skólastjóra Lágafellsskóla útveguðu BM aðstöðu til æfinga í matsal Lágafellsskóla. Boðið var upp á ókeypis æfingar fyrstu vikurnar í samvinnu við UMFÍ.

Nýstofnað Borðtennisfélag Mosfellsbæjar var með opið hús þann 24. ágúst kl. 17:30-19:00 sem hluta af bæjarhátíðinni í túninu heima. Tæplega 30 manns, þar á meðal Regína Ástvaldsdóttir bæjarstjóri Mosfellsbæjar, mættu til að kynna sér íþróttina og þar af voru fimmtán mjög áhugasamir krakkar sem margir spurðu út í æfingar og skila sér vonandi inn í starfið í vetur. Allir krakkarnir fengu borðtennisspaða að gjöf frá BTÍ og Sigurður frá PingPong.is færði félaginu 100 borðtenniskúlur í stofngjöf.

## Ágúst 2023

### Borðtennis kynntur á unglingslandsmóti UMFÍ 5. ágúst

Borðtennissamband Íslands stóð fyrir borðtenniskynningu á unglingslandsmóti UMFÍ annað árið í röð, á laugardegi verslunarmannahelgarinnar. Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, formaður BTÍ, og Haukur Óskar Þorgeirsson, KR kenndu fólki réttu handtökin og svöruðu spurningum.

139 gestir mættu og spiluðu á nýjum borðum sem sveitarfélagið hafði keypt og verða sett upp í félagsmiðstöðvum þess á Sauðárkróki, Hofsósi og í Varmahlíð. Samtal hófst við Élise Plessis, áhugasaman framtíðarþjálfara, sbr. nánar hér að neðan.

## September 2023

### **Borðtennisæfingar hafnar á Laugarvatni**

Á árinu 2023 hefur verið mikil gróska í borðtennisstarfi á landinu, ný félög spretta upp víða um land og þar fer Suðurland fremst í flokki. Nýjasta viðbótin þar er nýstofnuð spaðadeild UMFL á Laugarvatni þar sem boðið er upp á badminton og borðtennis.

Starfið hófst af miklum krafti en allt að 40 krakkar hafa mætt á spaðaæfingar tvisvar í viku. Af þeim eru 20-30 að spila borðtennis. Deildin er með tvö borð en unnið er að því að fjölga borðum sem fyrst með styrkjum.

Halldóra Ólafs, Íslandsmeistari í borðtennis 2003 og 2011, er fyrsti formaður deildarinnar og mikill fengur að því að fá hana til liðs við íþróttina á nýjan leik.

### **Útbreiðsluhelgi á Suðurlandi**

Mattia Contu, unglíngalandsliðsþjálfari, var á ferðinni á Suðurlandi helgina 16.-17. september og hélt æfingar hjá félögunum þar. Laugardaginn 16. september var Mattia með æfingu hjá Umf. Laugdæla á Laugarvatni og tvær hjá Garpi, Laugalandi. Sunnudaginn 17. september voru svo tvær æfingar hjá Dímon, Hvolsvelli og ein á Selfossi.

### **Kynning á borðtennis í Húnabyggð**

Í tilefni af Heilsudögum í Húnabyggð (Blönduósi) sem stóðu yfir dagana 23. september – 30. september var haldin þriggja tíma borðtenniskynning og þjálfun sunnudaginn 24. september í íþróttahúsinu á Blönduósi.

Þjálfari var Bjarni Þorgeir Bjarnason og honum til aðstoðar var Sigurður Sveinsson. Alls mættu 30 manns á aldrinum 8-50 ára.

## **Október 2023**

### **Borðtennishelgi í Grunnskóla Borgarfjarðar**

Haustið hélt áfram að gefa í borðtennis, áhuginn á íþróttinni er augljóslega mjög vaxandi og fyrirspurnum til BTÍ um iðkun og þjálfun hefur fjölgað mikið eins og fréttir á [bordtennis.is](http://bordtennis.is) bera vitni um.

Nýjasta dæmið um slíkan áhuga er þegar Helga J. Svavarsdóttir, skólustjóri Grunnskóla Borgarfjarðar, setti sig í samband við BTÍ og fékk Mattia unglíngalandsliðsþjálfara til að stýra á föstudegi og laugardegi svokallaðri smiðjuhelgi fyrir unglíngadeild skólans, með æfingum og mótum.

### **Æfingar hafnar hjá Val Reyðarfirði**

Borðtennis hefur numið land á Reyðarfirði. Samkvæmt Aðalheiði Vilbergsdóttur formanni Ungmennafélags Vals á Reyðarfirði var stofnaður borðtennishluti almennrar deildar hjá félaginu í september.

Rafael Rökkvi Freysson þjálfari frá Pristinum á Egilsstöðum fer tvisvar í viku og þjálfar iðkendur hjá Ungmennafélagi Vals á Reyðarfirði. Félagið fær styrk frá BTÍ fyrir hluta aksturskostnaðar.

Félagið gat fest kaup á þremur borðtennisborðum með dyggum stuðningi frá Kvenfélagi Reyðarfjarðar og Davíð Jónssyni, KR-ingi og lækni. Um 10 krakkar stunduðu æfingar í upphafi en vonir standa til að geta boðið upp á æfingar fyrir fullorðna líka.

Æfingarnar eru á þriðjudögum og fimmtudögum. Þann 8. október var ennfremur haldið borðtennisnámskeið fyrir börn þegar Mattia unglíngalandsliðsþjálfari fór á austurland sem þótti takast mjög vel.

### **Borðtennis á Egilsstöðum**

Laugardaginn 7. október til þriðjudags 10. október var Mattia unglíngalandsliðsþjálfari í borðtennis á Austurlandi við þjálfun. Tvær æfingar voru á laugardegi og ein á sunnudegi hjá Þristi á Egilsstöðum auk æfinga á Reyðarfirði á sunnudegi og mánudegi.

Á Egilsstöðum hafa 8 krakkar verið að mæta á æfingar hjá Þristi en þjálfari er Rafael Rökkvi Freysson. Þetta er annað nýlegt landnám á Egilsstöðum en fyrir ári síðan fór Bjarni Þorgeir Bjarnason, þjálfari HK, að kenna borðtennis og þetta styður enn betur við borðtennis á Austurlandi.

### **Borðtennisæfingar hafnar í Árnesi**

Eftir því var tekið á aldursflokkamóti BH 7. október að keppendur frá UMF Gnúpverja og UMF Skeiðamanna mættu til leiks. Um er að ræða tvö ný félög í Borðtennissambandi Íslands, en þau standa sameiginlega að æfingum í Árnesi alla þriðjudaga.

Þjálfari er Rubén Ilera Lopez, Selfyssingur, sem er lykilmáður í útbreiðslu borðtennisþróttarinnar á Suðurlandi í haust, þar sem hann þjálfar auk framangreinds einnig vikulega fyrir UMF Selfoss, UMF Laugdæla á Laugarvatni, Garp á Laugalandi og Dímon á Hvolsvelli.

Félögin njóta góðs af akstursstyrk BTÍ og hefur útbreiðslunefnd BTÍ tekið virkan þátt í að tengja rétt fólk saman og gefa góð ráð til að koma starfinu af stað. Þórður Ingvason er forstöðumaður borðtenniss hjá Gnúpverjum.

## **Nóvember 2023**

### **Borðtenniskynning í Hvassaleitisskóla**

Föstudaginn 10. nóvember stóð útbreiðslunefnd BTÍ fyrir borðtenniskynningu í Hvassaleitisskóla, eftir að Brynja Ómarsdóttir umsjónarkennari í þriðja bekk hafði haft samband við BTÍ. Brynja kennir list- og verkgreinatíma einu sinni í viku og vill nýta hann í borðtenniskennslu þar sem eitt borð er í kennslustofu á 2. hæð skólans. BTÍ gaf skólanum tíu kúlur og tvo spaða og Auður Tinna Aðalbjarnardóttir, formaður BTÍ mætti á svæðið og kenndi um tuttugu börnum og tveimur kennurum reglur og leiki í borðtennis í eina kennslustund.

Krakkarnir voru afar áhugasamir og nutu þess að læra og spila samvinnuhringborðtennis. Fram kom að einn strákur í bekknum var þegar iðkandi hjá borðtennisdeild Víkings og var gaman þegar krakkarnir í bekknum sáu í því samhengi að hann var langbestur í hópnum.

Vonandi er þetta upphaf að jákvæðri borðtennismenningu í Hvassaleitisskóla og væri gaman ef fleiri börn úr bekknum byrja að æfa.

### **Kynningar á borðtennis í Lindaskóla og Lágafellsskóla**

Bjarni Þ. Bjarnason, borðtennisþjálfari, er ötull í kynningu á borðtennisþróttinni og hefur staðið fyrir ófáum námskeiðum og kynningum um allt land síðustu áratugi. Síðustu vikur hefur hann verið með námskeið í skólum í Kópavogi og Mosfellsbæ.

Bjarni stóð fyrir borðtennisnámskeiði í Lindaskóla í Kópavogi 14. - 16. nóvember. Námskeiðið var fyrir nemendur 1. – 6. bekkjar. Nemendur fjölmenntu á námskeiðið og létu vel af því. Skólinn er með fjögur borðtennisborð og áhuginn greinilega fyrir hendi í Lindaskóla eins og við höfum orðið vör við vítt og breitt um landið þetta árið.

Hann var einnig með námskeið í Lágafellsskóla í Mosfellsbæ 26. til 27. október en þá daga stóðu yfir kynningar á ýmsum íþróttagreinum. Að sögn Bjarna var einnig vel mætt í Mosfellsbæ. Áhugi á borðtennis er vaxandi í bænum en í sumar var sem kunnugt er stofnað Borðtennisfélag Mosfellsbæjar.

### **Borðtennisbúðir í Eyjafirði**

Haldnar voru borðtennisbúðir og þrjár æfingar í húsnæði Samherja í Hrafnagili við Eyjafjörð í nóvember.

Alls tóku 12 krakkar þátt, flestir voru frá borðtennisdeild Akurs en einnig komu krakkar frá Ungmennafélaginu Samherjum. Þjálfarar voru Mattia Contu unglíngalandsliðsþjálfari og Sigurður Eiríksson þjálfari Samherja.

## **Janúar 2024**

### **Borðtennisæfingar hafnar á Sauðárkróki**

Helgina 6.-7. janúar 2023 var haldið borðtennisnámskeið á Sauðárkróki í samstarfi BTÍ og sveitarfélagsins Skagafjarðar.

Á laugardeginum var opið hús í 2 klukkustundir og á sunnudeginum var æfing í 90 mínútur. Báða dagana mættu um tíu manns (um helmingur fullorðnir og helmingur unglíngar) sem stefna á að mæta á vikulegar æfingar á þriðjudögum kl. 17-19 í Húsi frítímans. Þetta framtak kemur í kjölfarið af viðræðum í haust, eftir að töluverður áhugi kom í ljós á íþróttinni á unglíngalandsmóti UMFÍ í sumar.

Nýr þjálfari á Sauðárkróki er Élise Plessis, hótélstarfsmaður og teiknari frá Frakklandi, sem hefur búið á Íslandi í þónokkur ár og æfði borðtennis lengi sem barn og unglíngur. Henni til halds og trausts verður Starri Heiðmarsson, sem borðtennisfólk þekkir úr starfi Æskunnar á Svalbarðsströnd. Æskan flutti og lánaði tvö af borðum sínum til að starfið á Sauðárkróki mætti verða að veruleika.

Mattia unglíngalandsliðsþjálfari fór norður og aðstoðaði við það að koma starfinu af stað. Þá náði hann að þjálfra eina æfingu hjá Akri á sunnudagseftirmiðdegi sem hluti af útbreiðslustarfi BTÍ.

## **Febrúar 2024**

### **Opið hús hjá nýrri borðtennisdeild Leiknis 3. febrúar**

Í janúar 2023 og desember 2024 hóf Borðtennissamband Íslands samstarf við íþróttafélagið Leikni um að hefja borðtennisstarf í Efra-Breiðholti. Föstudaginn 5. janúar funduðu fulltrúar sambandsins með starfsfólki Reykjavíkurborgar í Suðurmíðstöð Breiðholts og kom í ljós að borgin vildi hafa milligöngu um að æfingar mættu vera í Fellaskóla, þar sem þrjú borð eru nú þegar, auk þess að vilja styrkja við upphaf verkefnisins fjárhagslega.

Laugardaginn kl. 15 var opið hús hjá Borðtennisdeild Leiknis í Íþróttahúsi Fellaskóla í Efra-Breiðholti. Eyrún Elíasdóttir, sem mun þjálfra á laugardagseftirmiðdögum í vor tók á móti 25 gestum úr hverfinu og kenndi grunnatriðin í íþróttinni. Einnig mættu Guðrún Gestsdóttir, meðstjórnandi BTÍ, Valdimar Leó Friðriksson, framkvæmdastjóri BTÍ og Guðfinna Magnea Clausen, KR, sem hefur búið í Breiðholti undanfarin ár.

Í Fellaskóla eru fjögur borðtennisborð en ef vel gengur verður aukið við þann fjölda.

## Mars 2024

### Æfingabúðir á Reyðarfirði

Helgina 24. – 25. febrúar stóðu BTÍ, UMF Valur á Reyðarfirði og UMF Þristur á Egilsstöðum að æfingabúðum í íþróttahúsinu á Reyðarfirði.

Rafael Rökkvi Freysson, þjálfari Vals og Þrists óskaði eftir aðstoð BTÍ við að halda æfingahelgi í aðdraganda Íslandsmóts unglinga, í ljósi þess að félögin hyggjast bæði senda sína fyrstu keppendur á mótið. Það verður þá jafnframt í fyrsta sinn sem leikmenn þessara ungu félaga taka þátt í móti á vegum sambandsins.

Mattia Luigi Contu, unglingalandsliðsþjálfari sá um æfingarnar ásamt Rafael Rökkva og var vel mætt á þær og ánægja með framtakið.

## Maí 2024

### UMF Neisti á Djúpavogi hefur vikulegar borðtennisæfingar

Undir lok tímabilsins fékk BTÍ allar nauðsynlegar upplýsingar um það að borðtennisstarf hefði hafist alla fimmtudaga á Djúpavogi undir merkjum UMF Neista. Skólaárið 2023-2024 hefur William Óðinn Lefever, forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar stýrt vikulegum æfingum u.þ.b. 10 barna á aldrinum 6-12 ára en stefnt er að því að Rúnar Sigríksson, nýráðinn þjálfari og framkvæmdastjóri félagsins taki við borðtennisnum frá og með sumri.

Rúnar æfði borðtennis og knattspyrnu um árabil á Akranesi á sínum yngri árum og sat þjálfaranámskeið hjá BTÍ árið 1980 eða 1981. Hann hefur menntað sig í stjórnun íþróttar og sinnt því auk þjálfun héraðs og erlendis undanfarna áratugi.

Þrjú borð eru í salnum á Djúpavogi og er stefnt á að kaupa fleiri inn fyrir haustið. BTÍ hlakkar til frekara samstarfs með nýju félögunum þremur á Austurlandi.



# Önnur verkefni

## Maí 2023

### Kári Mímisson í framkvæmdastjórn ÍSÍ – fyrstur frá borðtennis

Kári Mímisson, borðtennismaður, var kosinn í íþróttamannanefnd ÍSÍ og ekki nóg með það heldur var Kári valinn formaður nefndarinnar. Hlutverk íþróttamannanefndar ÍSÍ er að vera málsvari íþróttamanna í samskiptum við ÍSÍ.

Með þessari kosningu er Kári Mímisson kominn í framkvæmdastjórn ÍSÍ sem fulltrúi íþróttamannanefndar. Samkvæmt heimildum BTÍ er það í fyrsta sinn sem borðtennismaður fær þennan vegsauka og er Kára innilega óskað til hamingju.

### Sveinn Áki fyrsti formaður BTÍ gerður að heiðursfélaga ÍSÍ

Á Íþróttapingi ÍSÍ sem fór fram í maí voru nýir heiðursfélagar ÍSÍ heiðraðir og á meðal þeirra var Sveinn Áki Lúðvíksson, fyrsti formaður Borðtennissambands Íslands og fyrsti formaður Borðtennisdeildar KR. Sveinn Áki var formaður Íþróttasambands fatlaðra frá 1996-2017.

## Júní 2023

### Tveir íslenskir borðtennismenn kepptu á Special Olympics í Berlín

Tveir íslenskir borðtennismenn kepptu á Special Olympics í Berlín, en leikarnir stóðu yfir frá 17. júní til 25. júní.

Íslensku leikmennirnir voru Inga Hanna Jóhannesdóttir úr ÍFR og Magnús Guðjónsson úr HK. Þjálfari þeirra er Bjarni Þorgeir Bjarnason.

### Hákon Atli lék í Þýskalandi í vetur

Hákon Atli Bjarkason, leikmaður HK, lék í þýsku deildakeppninni veturinn 2023-2024 með liði TT Frickenhausen í 2. Bundesliga Süd, í deild sem er fyrir leikmenn í hjólastól.

## Október 2023

### Lokamót BTÍ – nýjung í mótahaldi

Í október kynnti BTÍ til leiks nýja mótarað og nýtt mót; Lokamót BTÍ.

Fyrirkomulag mótsins er þannig að valin mót í meistaraflokki (og opnum flokki) á mótaskránni eru hluti af mótarað þar sem leikmenn fá stig fyrir hversu langt þeir komast á mótinu. Efstu 8 karlar og efstu 8 konur í lok tímabilsins fá svo boð á Lokamót BTÍ sem verður haldið í lok tímabilsins í maí.

Veitt verða peningaverðlaun á lokamótinu, að lágmarki 30.000 kr, fyrir efsta sætið í karla- og kvennaflokki.

Sömuleiðis verða annars konar verðlaun veitt til allra 16 leikmanna sem leika á Lokamóti BTÍ. Annars konar verðlaun verða t.d. gjafabréf út að borða, vörur frá fyrirtækjum og fleira.

## Desember 2023

BH og KR tóku þátt í Europe Trophy keppninni sem var leikin í Eskilstuna í Svíþjóð.

Fyrir BH fóru Birgir Ívarsson, Ingimar Ingimarsson, Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson, Magnús Gauti Úlfarsson, Pétur Marteinn Urbancic Tómasson og Þorbergur Freyr Pálmarsson til Svíþjóðar.

Leikmenn KR á mótinu voru Ellert Kristján Georgsson, Gestur Gunnarsson, Norbert Bedo og Pétur Gunnarsson.

Lið BH og KR töpuðu leikjum sínum í B-riðli í Europe Trophy keppninni 0-3 gegn Eskilstuna frá Svíþjóð, Pöytäennis Espoo frá Finnlandi og Rytas frá Litháen. Íslensku liðin léku líka innbyrðis og vann BH leikinn 3-0.

## Janúar 2024

### Ólafur Elí sæmdur gullmerki ÍSÍ

Ólafur Elí Magnússon, íþróttافرömuður úr Dímon, var sæmdur gullmerki ÍSÍ fyrir sjálfboðaliðastarf sitt í þágu íþróttar. Gullmerkið var afhent þegar tilkynnt var um kjör íþróttamanns ársins og kjör íþróttaeldhuga ársins, en Ólafur Elí var einn þeirra sem var tilnefndur sem íþróttaeldhugi. Eins og borðtennisfólki er kunnugt hefur Ólafur Elí lengi verið helsti drifkrafturinn í starfi Dímonar í borðtennis, auk þess sem hann hefur starfað að uppbyggingu fleiri íþróttagreina hjá Dímon.

### Sex nýir landsdómarar á Suðurlandi

Þann 18. janúar fór fram dómaramámskeið og landsdómarapróf á Laugalandi. Prófið var með erfiðara móti en samt sem áður tókst sex af átta þátttakendum að ná því og öðlast þar með landsdómararéttindi BTÍ. Nýju dómaramenn eru allir úr Garpi utan eins úr Ungmennafélagi Laugdæla.

Nýju dómaramenn eru eftirfarandi:

- Halldóra Ólafs
- Weronika Grzegorzcyk
- Þorgeir Óli Eiríksson
- Guðný Lilja Pálmadóttir
- Lea Mábil Andradóttir
- Sóldís Lilja Sveinbjörnsdóttir

### Úthlutanir styrktarsjóðs BTÍ

Stjórn BTÍ afgreiddi umsóknir til styrktarsjóðs BTÍ fyrir keppnistímabilið 2023 til 2024 í janúar. Alls voru gefin vilyrði fyrir styrkjum rúmlega að upphæð 400.000 kr., sem uppfyllir markmið BTÍ. Alls bárust umsóknir frá 18 einstaklingum eða félögum – sem er mesti fjöldi umsókna hingað til.

16 einstaklingar eða félög fengu styrk en tveimur umsóknum var hafnað eða beint í annan farveg. Stjórn BTÍ er sérstaklega ánægð með að hafa loks fengið umsóknir frá þremur borðtenniskonum í sjóðinn, en eitt af markmiðum sjóðsins er að styrkja fjölbreyttan hóp umsækjenda. Eftirtalin verkefni fengu styrk að þessu sinni:

- Fimm leikmenn frá BH og fjórir frá KR fengu styrk til þátttöku á Europe Trophy í desember sl.
- Ársól Clara Arnadóttir fékk styrk til þátttöku í sænsku deildinni með IFK Lund.
- Magnús Jóhann Hjartarson fékk styrk vegna þátttöku í sænsku deildinni með Skurups BTK og vegna keppni á Halmstad Masters.
- Gestur Gunnarsson fékk styrk vegna æfingardvalar í Halmstad í Svíþjóð og þátttöku í sænsku deildinni með BTK Rekord.
- Magnús Gauti Úlfarsson fékk styrk vegna þátttöku á móti í Hróarskeldu í Danmörku.

- Þorbergur Freyr Pálmarsson fékk styrk vegna æfingadvalar hjá BTK-61 í Hróarskeldu í Danmörku.
- Aldís Rún Lárusdóttir og Guðrún G. Björnsdóttir fengu styrk vegna þátttöku á HM öldunga í Róm sumarið 2024.

## Febrúar 2024

### Roskilde Cup

Alls tóku 34 íslenskir keppendur frá fjórum félögum þátt Spar Nord Roskilde Cup, sem fram fór í Hróarskeldu í Danmörku 3.-4. febrúar. Undanfarin ár hafa íslenskir keppendur keppt á þessu móti en aldrei eins margir og þetta skiptið. Flestir keppendurnir kepptu í nokkrum flokkum til að fá leiki við sitt hæfi. Auk danskra leikmanna voru leikmenn úr færeyska unglíngalandsliðinu meðal þátttakenda.

Ferðin og árangur í keppni þótti vera vonum framar. Það fengu allir skemmtilega leiki og nær allir með sigurveikni. Margir íslenskir keppendur voru í verðlaunasætum en finna má upplýsingar um það á vef BTÍ.

## Mars 2024

### Kynningarfundur um borðtennis fyrir fólk með Parkinson 5. mars

Þriðjudaginn 5. mars kl. 10:30-11:30 var kynningarfundur um borðtennis haldinn fyrir fólk með Parkinson í húsnæði Borðtennisdeildar Víkings í TBR húsinu Gnoðarvogi. Hannes Guðrúnarson stóð fyrir kynningunni. Langtímamarkmið Hannesar er að geta byggt upp tilboð um borðtennis fyrir Parkinson og fleiri hópa allan ársins hring.

### Lið Inga Darvis varð deildarmeistari í Svíþjóð

Ingi Darvis, Íslandsmeistarinn í borðtennis 2024, sem leikur með Horreds BTK í sænsku 1. deildinni (Division 1 Herrar Västra) varð deildarmeistari um helgina eftir harða keppni við Lidan BTK. Liðin enduðu með jafn mörg stig en lið Inga var með betra vinningshlutfall.

Í lokaleik deildarinnar vann Horreds BTK lið Svanesunds BTK 8-1 þar sem Ingi sigraði báða sína leiki auk þess að vinna tvíliðaleikinn.

### Þjálfaranámskeið á Hvolsvelli

Laugardaginn 16. mars bauð BTÍ upp á tveggja klukkustunda þjálfaranámskeið á Hvolsvelli 1 í lok fyrri keppnisdags Íslandsmóts unglínga. Sautján þjálfarar og iðkendur frá átta félögum tóku þátt, sem þykir góður árangur, þar á meðal einn með fjarfundarbúnaði (Élise á Sauðárkróki). Mattia Luigi Contu unglíngalandsliðsþjálfari fjallaði um eðli og einkenni borðtennisleikmanna, uppbyggingu æfinga (þ.á.m. upphitun og líkamlegar æfingar), tæknileg atriði varðandi helstu högg, mikilvæg atriði um æfingar, taktík, vídeógreiningu og kenndi loks ýmislegt um að senda kúluæfingar og aðstoðaði þátttakendur við að æfa það. Virk þátttaka var í umræðum um atriði námskeiðsins. Að námskeiði loknu sendi Mattia glærur með helstu atriðum til þátttakenda.

## Borðtennisfólk ársins

### Magnús Gauti og Nevena borðtennisfólk ársins

Kosningu um borðtennisfólk ársins í borðtennis lauk 21. desember. Allir virkir leikmenn BTÍ sem eru 16 ára eða eldri höfðu kosningarétt auk stjórnar og varastjórnar BTÍ, landsliðsþjálfara og unglingslandsliðsþjálfara.

Hlutskörpust voru Magnús Gauti Úlfarsson, BH og Nevena Tasic, Víkingi. Atkvæði í karlaflokki dreifðust helst á þrjá leikmenn en í kvennaflokki voru tveir leikmenn sem fengu langflest atkvæði.

BTÍ óskar Magnúsi Gauta og Nevenu innilega til hamingju með nafnbótina.



# Umferð um vef Borðtennissambands Íslands

Nýr vefur BTÍ fór í loftið í desember 2022 á 50 ára afmæli sambandsins. Umferð um vefinn er ansi mikil en frá opnun vefsins 12. desember 2022 til 30. apríl 2024 hafa liðlega 123 þúsund síður frá tæplega 12.700 notendum verið skoðaðar. Hver notandi skoðaði því tæplega 10 síður og varði um 3 mín á síðunni að meðaltali. Flestar heimsóknir eru eðlilega á forsíðuna og þar fara margir beint inn á styrkleikalistann sem við höfum því miður ekki tölur um fjölda heimsókna þangað. Annars eru fréttir mest skoðaðar, þar á eftir kemur mótaskrá, upplýsingar um deildakeppni og því næst lög og reglugerðir. Mest umferð um vefinn er í kringum Íslandsmótið í byrjun mars bæði árið 2023 og 2024 eins og sést á meðfylgjandi skjáskoti.

